

Fundur í Beta deild fimmtudaginn 1. nóvember 2012 kl. 19:30 í Brekkuskóla.

Dagskrá

1. Setning fundar
2. Orð til umhugsunar
3. Lestur fundargerðar.
4. Erindi frá stjórn.
5. Kynning frá útbreiðslunefnd
7. Önnur mál
8. Konur fræða konur. Guðný Sverrisdóttir talar um efnahagsmál.
8. Kaffi, happaðrætti og pyngjan góða.
- 9 Fundi slitið.

1. Jónína bauð konur velkomnar á fundinn og Erna Gunnarsdóttir kveikti á kertum. Jónína bað fyrir kveðjur frá þeim konum sem ekki komust á fundinn en þrátt fyrir frekar slæmt veður var mæting góð.

2. Þorgerður Sigurðardóttir var með orð til umhugsunar en hún tók það að sér í fjarveru Anítu. Bókin sem hún kom með fann hún í bókahillunni sinni og hafð ekki lesið hana síðan 1986. Þessi bók heitir “Mómó” og er eftir þýskan höfund, Michael Ende. Hún las fyrir okkur gátu úr bókinni sem Jónína leysti af stakri snilld. Þetta var sannarlega orð til umhugsunar.

3. María las fundargerð síðasta fundar sem haldinn var í Naustaskóla 1. október og var hún samþykkt með þeirri athugasemd að ritari átti eftir að fá upplýsingar um tildrög pyngjunnar góðu hjá Halldóru og færa þær inn í fundargerðina sem hefur nú verið gert.

4. Erindi frá stjórn. Jónína las bréf frá landssambandsforseta vegna stjórnar landssambands DKG og uppstillingarnefndar vorið 2013. Hún kannaði áhuga okkar á að bjóða okkur fram til landssambandsstjórnar. Við í Beta deild höfum átt fulltrúa í Landssambandsstjórn og er það akkur fyrir okkur á landsbyggðinni að hafa fulltrúa þar. Þær konur sem eru gjaldgengar í stjórn Landssambands DKG eru þær sem hafa setið í stjórn í sinni deild. Jónína hvatti okkur til að hugsa málið og ætlaði að senda okkur þetta bréf.

Jónína las einnig bréf varaðandi vef samtakanna en við eigum okkar fulltrúa þar hana Eygló. Í þessu bréfi erum við hvattar til að vera virkari á vefnum okkar og etv. hafa vefskoðara sem pikkar út fréttir af vefnum og segir okkur frá á fundi. Friða stakk upp á að stjórn afgreiði þetta mál þ.e. hver verði vefskoðari en Eygló bauð sig fram til vors.

5. Kynning frá útbreiðslunefnd. Þær Friða, Rósa Kristín og Ingibjörg Auðuns skipa útbreiðslunefndina. Þær komu með drög að verklagsreglum þegar velja á nýja konu í Beta deild. Þær lásu upp verklagsreglurnar og ef einhver félagskvenna hefur athugasemdir við blaðið þá á hún að hafa samband við stjórn eða útbreiðslunefnd. Konur veltu þessu fyrir sér og var ákveðið að útbreiðslunefndin uppfæri og lagfæri skjalið og sendi til stjórnar. En á bóka fundi verður skjalið lagt fram til samþykktar.

6. Önnur mál. Ekkert var undir þeim lið.

7. Konur fræða konur. Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi og Grenivík kom til okkar og fræddi okkur um efnahagsmál. Guðný hefur verið sveitastjóri í 25 ár. Hún kynnti sig og sagði m.a. að það væri ekki hægt að tala um efnahagsmál nema að vera leiðinleg. En það var nú öðru nær. Hún var mjög skemmtileg og fræðandi og talaði vítt og breytt um efnahagsmál s.s. skattahækkanir, svartamarkaðsbrask, snjóhengju, Efta, sjávarútveginn, unga fólkið

og skuldir heimilanna, neyðarlög og olíu við Grænland svo eitthvað sé nefnt. Á þessum 25 árum hefur hún aldrei fundið fyrir því á sveitarstjórnarmönnum að þeim finnst erfitt að hafa konu í brúnni. Eftir fyrirlesturinn sköpuðust góðar og skemmtilegar umræður.

8. Kaffiveitingar voru í boði Sigríðar Magnúsdóttur, Maríu Steingrímsdóttur og Önnu Þóru Baldursdóttur. Jónína Hauksdóttir fékk happdrættisvinninginn að þessu sinni sem Sigríður Magnúsdóttir kom með.

9. Jónína sleit fundi og slökkti á kertum

Fundi slitið kl. 21:15

María Gunnarsdóttir